

Fundargerð 131.fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 26.september 2022

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Puriður Lillý Sigurðardóttir, Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 130

Fundargerð stjórnar Austurbrúar númer 130 var lögð fram til kynningar.

2. Fundaáætlun 2022-2023 og tengd málefni (til umræðu og samþykktar)

Formaður kynnti tillögu að fyrirkomulagi varðandi dagskrá og fundargerðir. Umræður stjórnar um fyrirkomulag funda og fundargerða. Niðurstaðan var sú að hafa sameiginlega dagskrá fyrir fundi stjórnar Austurbrúar og SSA en að halda að öðru leiti í fyrirkomulagið sem verið hefur þ.e. að fyrst fundar stjórn Austurbrúar og síðan fundar stjórn SSA í beinu framhaldi og skrifuð verður sitthvor fundargerðin. Á staðfundum þar sem fundað yrði með fulltrúum sveitarfélaga þá er reiknað með þátttöku fulltrúa beggja stjórna á þeim.

Framkvæmdastjóri kynnti fundaáætlun fram á næsta sumar og annað fyrirkomulag því tengt. Einnig var kynnt fyrirkomulag á vinnu formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra á milli funda. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta fyrirkomulag og var fundaáætlun og annað fyrirkomulag tengt stjórnarfundum samþykkt af stjórn.

3. Svæðisskipulag Austurlands, ályktun haustþings og umræður um næstu skref

Framkvæmdastjóri lagði ályktun haustþings fram til kynningar. Sagði hún vinnu tengda eftirfylgni með ályktuninni þegar vera hafna og nefndi hún í því samhengi nýlegan fund sveitarstjórnarfulltrúa með Icelandair. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og næstu skref er tengjast Svæðisskipulagi Austurlands. Austurbrú heldur utan um verkefnið fh. SSA og eru sveitarfélögin eru öll búin að samþykkja svæðisskipulagið og var verkefnið sent til yfirferðar hjá Skipulagsstofnunar fyrir helgi. Umræður stjórnar um næstu skref.

4. Starfsáætlun Austurbrúar og staða mála í tengslum við fjárlög 2023

Framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlun Austurbrúar 2022 og stöðu helstu verkefna. Sagði hún fjölmörg verkefni vera í gangi í haust auk þess sem nú væri að hefjast vinna við fjárhagsáætlun og starfsáætlun næsta árs.

Framkvæmdastjóri fór yfir samantekt á fjárlögum til Austurbrúar. Enn einu sinni þarf að sækja leiðréttingu á fjárveitingu Austurbrúar. Umræður stjórnar.

5. Ný verkefni Austurbrúar

Framkvæmdastjóri kynnti ný verkefni Austurbrúar og skipulag í kringum þau. Eitt þeirra er verkefni sem felur í sér að útbúa verkfæri til þróunar á íslenskukennslu og fékk Austurbrú 20 milljón króna styrk úr Máltæknisjóði fyrir verkefnið. Huga þarf að skipulagi í tengslum við verkefnið í samræmi við áherslur Máltæknisjóðs og er framkvæmdastjóra falið að skoða málið betur á grunni umræðna á fundinum.

6. Kynning á stöðu verkefna sem tengjast flugmálum

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar minnisblað sem unnið er með á vettvangi stjórnar flugþróunarsjóðs. Því næst fór framkvæmdastjóri yfir helstu mál er tengjast millilandaflugi, innviðamálum og innanlandsflugi. Umræður stjórnar um flugmálin, stöðuna og framtíðina tengt verkefnum.

(Helgi Hlynur þurfti að yfirgefa fundinn kl 14:40)

7. Önnur mál sem tengjast starfsemi Austurbrúar

Umræður stjórnar um starfsemi Austurbrúar. Framkvæmdastjóri sagðist finna fyrir auknum áhuga og aukinni eftirspurn eftir þjónustu frá Austurbrú, það væri mikið að gera og verkefnum að fjölga smá saman.

Ekki fleiri mál á dagskrá og fundi slitið kl 15:00